

1870.
9. júlí.

þar, og að kaupandi ætlaði ekki að hafa saltið til verzlunar, og þykist þér hafa heimild til þessa af því, sem líkt er fyrir mælt í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854 2. gr. í niðurlaginu. Um leið og þér leitið samþykkis stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar, hafið þér þar að auki skotið því til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort gefa megí upp allt lestagjaldið, eða hvort kaupandinn skuli greiða gjald af því lestarúmi, sem saltið var í, en þetta gjald verður 4 rd. 48 sk.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið skrifazt á við fjárhagsstjórnina, og gefst yður til vitundar, að þó eigi sé nein heimild fyrir ráðstöfun yðar í því lagaboði, sem þér hafið skýrskotað til og sem er sérstök undantekning, virðist stjórnarráðinu vera ástæða til, eptir því sem atvikazt hefir, að fallast á hana þannig, að ekkert lestagjald verði goldið af skipi því, sem hér var um getið.

9. júlí.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um brot gegn verzlunarlögnum.

Utanríkisstjórnin hefir skýrt frá, að formaðurinn á hinu norska skonnortuskipi „*Mercantil*“, að stærð 26 norskar lestir, eða 29½ dönsk lest, sem er jafnt 54,08 registertons, *I. Reinertsen*, hafi samkvæmt skýrslu frá hinum danska verzlunarfulltrúa í Björgvin siglt þaðan í öndverðum júním. þ. á. til Reykjavíkur með farm af möluðu og ómöluðu korni og öðrum varningi, án þess að hafa leitað til verzlunarfulltrúans, til þess að fá staðfestingu hans, samkvæmt lögnum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, 8. grein, ritaða á heilbrigðisskrána og heilbrigðisskýrteinið.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, svo þér gjörðið þær ráðstafanir, sem með þarf, mælumst vèr til þess samkvæmt beiðni utanríkisstjórnarinnar, að þér, herra stiptamtmaður, hlutist til um, að gjald það, sem skipstjóri á að greiða verzlunarfulltrúanum samkvæmt 8. gr. tðdra laga og erindisbræfi hinna dönsku verzlunarfulltrúa í útlöndum, 24. marz 1868, 46. gr., verði heimtað að honum, og svo sent hingað.